

Svör við spurningum sem beint hefur verið til Faghóps III í umsagnarferli skýrslunnar um „Niðurstöður faghópa“, mars 2010

Ástæða er til að þakka þeim fjölmörgu aðilum sem gáfu sér tíma til að fara yfir niðurstöður faghópanna. Þær ábendingar og athugasemdir sem fram komu í umsagnarferlinu eru sérlega mikilvægar í tilviki faghóps III þar sem ekki lá fyrir jafn þróuð aðferðafræði við mat á virkjana hugmyndum og hjá öðrum faghópum. Ábendingarnar eru af ýmsum toga og snerta bæði verklag, forsendur og niðurstöður. Eðli málsins samkvæmt er erfitt fyrir faghópinn að umbylta þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar í vinnunni enda er það skoðun faghóps III að niðurstöða matsins sem hópurinn framkvæmdi gefi mikilsverðar upplýsingar um umfang þeirra samfélagsbreytinga sem vænta má verði ráðist í einstakar virkjanir. Full ástæða er hins vegar til að halda vel til haga öllum ábendingum umsagnaraðilanna og taka til nánari skoðunar í síðari áföngum rammaáætlunar. Hér á eftir verður fjallað nánar um ýmsar þær ábendingar sem fram komu í umsagnarferlinu. Áður en lengra er haldið er samt rétt að staldra við eina afar veigamiklar forsendu í vinnu rammaáætlunar og þar með faghóps III og sem leiðir af erindisbréfi verkefnisstjórnar. Þetta er sú lykilforsenda að virkjunarhugmyndum sé raðað. Þetta þýðir að í mati hópsins er fyrst og fremst leitast við að afmarka þætti sem verka með ólíkum hætti frá einni virkjun til annarrar.

Ýmsar athugasemdir lúta að **nálgun faghópsins að verkefninu**. Þannig bendir *Umhverfisstofnun* á að *þróa verði betri aðferðafræði við að meta áhrif virkjana á þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaðróun*. Faghópurinn tekur heilshugar undir þetta því þrátt fyrir að hópnum hafi tekist að þróa aðferð sem hægt er að nota til að leggja einhverskonar mat á umfang samfélagslegra áhrifa er sú mynd sem þannig fæst ekki mjög nákvæm. Í ábendingum frá *Framtíðarlandinu* er raunar bent á þetta og þá staðreynd að *[erfitt sé] að meta áhrif virkjunarkosta sem slíkra á vinnumarkað og byggðaðróun er vonlaus vegur. Þau fara algerlega eftir því hvernig og hvar orkan er nýtt. Ennfremur koma fram ýmis aukaáhrif sem vísindamenn nefna "hærri gráðu liði" eða "ólínulega liði" sem mjög erfitt er að sjá fyrir*.

Aðrar athugasemdir í þessa veru benda á að nálgun faghópsins hafi verið of þröng. Þannig bendir *Landvarðafélag Íslands* á að faghópurinn hafi í raun *aðeins [fjallað] um það hvað gæti gerst ef virkjað yrði og [komist] að þeirri niðurstöðu að stærri framkvæmd valdi meiri áhrifum*. Ennfremur segir í ábendingum *Landvarðafélagsins*, fjallar *[faghópurinn] aftur á móti ekkert um hvaða efnahagslegu áhrif það hefði ef ekki yrði virkjað en aftur á móti friðlýst. Hann gerir ekki tilraun til að meta hagræn áhrif núverandi notkunar, t.d. ferðapjónustu, né heldur hvaða möguleikar felast í henni. Sama máli gildir um útivist*. Rétt er að taka fram að faghópurinn ræddi á fundum sínum ítarlega um þessi atriði og fylgdist ennfremur grannt með vinnu faghópa 1 og 2 sem fjölluðu sérstaklega um náttúru, ferðapjónustu og útivist (auk fleiri þátta). Niðurstöða faghópsins var sú að mat faghópa 1 og 2 væri tæmandi hvað varðar þá þætti sem hefðu mest gildi með tilliti til náttúrufars, ferðapjónustu og útivistar. Landvarðafélagið spyr ennfremur hvort *aðkoma fyrrverandi stjórnarformanns Landsvirkjunar hafi eitthvað með þessa nálgun að gera*. Því er auðsvarað að svo var ekki enda allir meðlimir faghópsins valdir með hliðsjón af sérþekkingu sinni á tilteknum þáttum í samspili virkjana og samfélags.

Af svipuðum toga (þ.e. að nálgun faghóps III sé of takmörkuð) er athugasemd frá *Landvarðafélagi Íslands* um að í mati faghóps III sé engin tilraun til *að meta efnahagslegt eða þjóðhagslegt gildi þess að ákveðið svæði sé verndað eða ákveðið að skipuleggja ekki neina ákveðna nýtingu á því*. Félagið gerir raunar þá kröfu að úr þessu verði bætt áður en teknar verða ákvarðanir um framtíðarnot landsins. Taka má undir að æskilegt sé að gera slíkt mat. Slíkt er hins vegar hægar sagt en gert og niðurstaða faghóps III í 2. áfanga rammaáætlunar var sú sama og faghóps III var í 1. áfanga rammaáætlunar að nauðsynlegar forsendur væru ekki fyrir hendi til að nálgast mat hópsins með þessum hætti.

Það vekur furðu margra umsagnaraðila að faghópur III skuli ekki skera úr um það hvort samfélagsleg áhrif virkjana séu jákvæð eða neikvæð. Samtökin Sól á Suðurlandi benda meðal annars á þetta og að mat faghóps III sé einfaldlega alls óviðunandi og nái ekki tilgangi sínum þar sem ekki sé skorið úr um hvort áhrif virkjana séu jákvæð eða neikvæð. Til að hægt sé að gera slíkt mat þarf að leggja niður forsendur um hverskonar samfélagsáhrif séu jákvæð og hverskonar samfélagsáhrif séu neikvæð. Fjölmargir yrðu ugglaust reiðubúnir til að leggja slíkar forsendur. Vandinn er hins vegar sá að erfitt getur reynst að komast að einhlítri niðurstöðu. Það sem einn túlkar sem jákvæð áhrif eða jákvæða breytingu á samfélaginu getur í huga annars verið neikvæð þróun. Faghópurinn lagði sig raunar nokkuð eftir því hvort hægt væri að finna einhver algild viðmið til að styðjast við í þessu sambandi. Eitt af því sem hópurinn velti fyrir sér var til dæmis hvort umfang framkvæmda gæti ekki í einhverjum tilvikum verið slíkt að samfélagið hlyti skaða af. Þær virkjunarhugmyndir sem til umfjöllunar voru eru hins vegar ekki af þeirri stærðargráðu að líklegt sé að slíki áhrif komi fram.

Í athugasemdum frá *HS Orku* er spurt: *Var metin þekking og reynsla sem aflast við virkjun háhitasvæðanna? Var metið á hvern hátt þekkingin og reynslan eflir rannsóknar- og skólustarf og mikilvæg tengsl við erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir? Var metið á hvern hátt þekkingin og reynslan eykur hröður Íslands sem jarðhitalands og gerir Ísland fremst meðal jafningja í nýtingu endurnýjanlegra jarðlinda? Hafi þekkingin og reynslan ekki verið metin, hvers vegna var hún ekki metin?* Færa má gild rök fyrir því að margvísleg hliðaáhrif af þessu tagi geti verið af uppbyggingu í orkuiðnaði. Faghópurinn ræddi talsvert þann almenna ávinning sem getur verið bæði af nýtingu jarðhita (eins og HS Orka bendir á) og eins af virkjun vatnsfalla. Niðurstaða hópsins var hins vegar sú að þarna væri fyrst og fremst um að ræða almenn áhrif og sem ekki væru mismunandi frá einni virkjunarhugmynd til annarrar.

Í nokkrum athugasemdum, þar á meðal frá *Ingibjörgu G. Guðjónsdóttur* er bent á að *faghópur III virðist gefa sér að áhrif virkjana séu öll og alltaf jákvæð*. Þetta atriði er mikilvægt að áréttu því faghópurinn vildi einmitt ekki að matið væri túlkað með þeim hætti. Niðurstöðu röðunar faghóps III er eingöngu hægt að líta á sem vísbendingu um hvort áhrif virkjunar séu mikil eða lítil en alls ekki hvort þau séu jákvæð eða neikvæð.

Ýmsir aðilar gera athugasemdir við að niðurstöður faghópa III og IV séu á einhvern hátt settar saman. Taka verður undir þetta enda ótímabært á þeim tíma sem niðurstöður faghópanna voru kynntar að ganga svo langt að gera formlegar tillögur um það hvernig hægt væri að vinna áfram með niðurstöður þeirra. Í öllu falli er óvarlegt að draga þá ályktun sem dregin er í umsögn *Íslenskra fjallaleiðsögumanna* að *hópurinn hafi nema að litlu leyti skilað þeirri vinnu sem til var ætlast*. Og ennfremur: *Til vitnisburðar um þetta er að niðurstaða vinnuhópsins skuli hafa runnið saman við hóp 4*. Framsetningin á niðurstöðunum í skýrslunni frá mars 2010 kann að gefa til kynna að þetta hafi

verið gert en svo var hins vegar ekki. Faghópurinn telur ennfremur hæpið að draga af þessu þá ályktun að hópurnir hafi ekki unnið þá vinnu sem til var ætlast.

Í athugasemdum, meðal annars frá HS Orku er bent á að mögulega ætti að horfa til fjölytingar jarðvarma við mat á jarðhitavirkjunum. Þetta atriði var rætt nokkuð í faghópnum og var sömuleiðis til skoðunar í vinnu faghóps III í fyrsta hluta rammaáætlunar. Að endingu var það niðurstaða hópsins að þetta atriði væri ekki svo veigamikilt að huga þyrfti sérstaklega að því við röðun virkjunarhugmynda. Lykilatriði í þeirri niðurstöðu var það mat sérfræðinga sem hópurnir leitaði til um þetta tiltekna atriði að slíkir nýtingarmöguleikar væru almennt til staðar við jarðhitavirkjanir og því ekki hægt um vik að sjá fyrir á hvern hátt þeir væru kerfisbundið ólíkir í þeim virkjunarhugmyndum sem til skoðunar voru.

Finna má í umsögnum ábendingar bæði um að mat faghóps III taki um of mið af stærð virkjana í samanburði við stærð samfélagsins í nánasta umhverfi og ábendingar um að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til mikilla og jafnvel neikvæðra áhrifa stórra virkjana á nærsamfélagið. Þannig segir í umsögn Ragnhildar Sigurðardóttur: *Ljóst er að víða hefur skapast miklar deilur um fyrirhugaðar virkjanir. Sums staðar, eins og til dæmis í sveitarfélögunum við Þjórsá, hafa deildur staðið nær samfellt í 40 ár. Deilurnar hafa mótað mjög samfélagið og verið íþyngjandi fyrir íbúa sem þar búa.* Ábendingar um nauðsyn þess að líta til þessa þáttar komu fram bæði í formlegum athugasemdum og fyrirspurnum á kynningarfundum. Rétt er að taka undir þetta sjónarmið. Virkjanir kalla án undantekninga á mjög umfangsmiklar framkvæmdir sem koma mjög mismunandi við bæði einstaklinga og hópa í samfélaginu. Fyrir mat faghóps III hefur hins vegar úrslitaáhrif það mat hópsins að öll virkjanaáform séu líkleg til að skapa deilur og þeim mun meiri sem framkvæmdirnar eru umfangsmeiri. Með öðrum orðum þá er það mat hópsins að stórar virkjanir í smáum samfélögum séu líklegar til að skapa deilur. Þetta endurspeglar í mati hópsins sem einmitt sýnir hvernig samfélagsleg áhrif magnast upp með vaxandi stærð virkjunar í samanburði við stærð samfélagsins í sínu nánasta umhverfi. Hér er enn tilefni til að ítreka að mikil samfélagsleg áhrif eru ekki endilega eftirsóknarverð eða jákvæð.

Rétt er að benda þeim sem hafa áhuga á að skoða nánar mat og niðurstöður faghóps III að kynna sér sérstaklega umsagnir Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og Tryggva Felixsonar hins vega. Í umsögn OR er kafað nokkuð ítarlega í matslíkanið sem faghópurinn þróaði og bent á ýmist álitamál sem vert er að hafa í huga. Ábendingar Tryggva lúta fremur að forsendum matsins og þeim annmörkum sem eru á nálgun af þessu tagi almennt. Faghópurinn er ekki nauðsynlega sammála öllum þeim ályktunum sem dregnar eru í þessum umsögnum en að öðrum umsagnaraðilum ólöstuðum er þarna að finna ýmis atriði sem æskilegt er að fjallað sé um í áframhaldandi vinnu rammaáætlunar.

Í samandreginni umsögn OR er meðal annars gagnrýnd sú forsenda faghóps III *að gefa hærrí einkunn þeirri virkjun sem líklegri þykir til að skapa störf á landsbyggðinni.* Það er rétt að ítreka að faghópurinn gefur sér ekki forsendur um að virkjanir skapi störf þó mögulega megi draga þá ályktun af framsetningu niðurstaðnanna. Faghópurinn telur hins vegar að áhrif virkjana sem eru fjarri helsta þéttbýlissvæði landsins hafi merkjanlegri áhrif í samfélaginu. Það er einnig rétt að ítreka að faghópurinn gefur sér hvorki að tilteknir uppbyggingarstaðir séu æskilegri en aðrir né að byggðasjónarmið eigi að ráða einhverju um staðsetningu virkjana. Faghópurinn gerir einmitt ráð fyrir því að orkunotkun tiltekinna virkjana sé ekki bundin tilteknum stöðum á landinu heldur að orkunotkunin og þar með samfélagsáhrifin komi fram á helstu þéttbýlistöðum landsins.